

Biðlistar eftir völdum skurðaðgerðum í febrúar 2016

Greinargerð með töfluyfirliti

Embætti landlæknis hefur nú uppfært yfirlit yfir stöðu á biðlistum eftir völdum aðgerðum, þar sem biðlistar eru hvað lengstir; þ.e. skurðaðgerð á augasteini, hjarta- og/eða kransæðamyndataka (víkkanir meðtaldar), valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna, brottnám legs, gallsteinaaðgerðir og gerviliðaaðgerðir á mjöðm og hné.

Eftirfarandi töflur og myndrit sýna raunmeðalbið eftir viðkomandi aðgerðum svo og heildarfjölda á biðlista og hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en þrjú mánuði (90 daga) og tólf mánuði.

Embætti landlæknis hefur sett viðmið um hámarksbiðtíma eftir meðferð/skurðaðgerð sem eru 90 dagar eða þrjú mánuðir. Viðmiðin eru svipuð í þeim löndum sem Ísland ber sig saman við að öllu jöfnu. Ljóst má vera að verkföll í heilbrigðiskerfinu seinni hluta ársins 2014 og stóran hluta ársins 2015 hafa haft mikil áhrif á biðtíma eftir aðgerð og áhrifanna gætir enn. Þar fyrir utan má reikna með að stöðugt vaxandi þörf verði fyrir ýmsar aðgerðir er tengjast hækkandi aldri vegna breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar, svo sem skurðaðgerð á augasteini og gerviliðaaðgerðir á mjöðm og hné. Hins vegar hefur fé verið veitt í átak til að stytta biðlista í ákveðnum aðgerðum næstu þrjú árin, og er þess vænst að þess sjáist merki á þessu ári, þótt það sjáist ekki í þeim tölum sem hér birtast.

Staða á biðlistum sjö valaðgerða

Tafla 1. Raunmeðalbiðtími þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala á síðastliðnum 12 mánuðum*

Heiti aðgerðar	Miðgildi biðtíma (vikur)
Skurðaðgerð á augasteini	38
Hjarta- og/eða kransæðamyndataka (víkkanir meðtaldar)	Engar upplýsingar
Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna	42
Brottnám legs	15
Gallsteinaaðgerðir	11
Gerviliðaaðgerðir á mjöðm	37
Gerviliðaaðgerðir á hné	54

*Upplýsingar miðast við janúar 2015 – febrúar 2016 á Landspítala (LSH), en önnur sjúkrahús gátu ekki veitt upplýsingar um meðalbiðtíma. Sjúkrahúsið á Akranesi gaf upp tölur fyrir hluta framkvæmdra aðgerða (sjá heildaryfirlit á vefsíðu Embættis landlæknis).

Raunmeðalbiðtími segir til um það hversu lengi, að meðaltali, þeir sem fóru í aðgerð á síðastliðnu ári þurftu að bíða.


Tafla 2. Hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en 12 mánuði eftir aðgerð*

Heiti aðgerðar	Hlutfall á biðlista >12 mánuði
Skurðaðgerð á augasteini	40%
Hjarta- og/eða kransæðamyndataka (víkkanir meðtaldar)	2%
Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna	40%
Brottnám legs	14%
Gallsteinaaðgerðir	5%
Gerviliðaaðgerðir á mjöðm	31%
Gerviliðaaðgerðir á hné	43%


*Miðað við heildarfjölda allra sem voru á biðlista í febrúar 2016 (allir biðlistar stofnana/stofa samanlagðir)

Heildarfjöldi á biðlista og hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en 90 daga

Skurðgerðir á augasteini



Mynd 1




Mynd 2

Á mynd 1 sést að heildarfjöldi á biðlista eftir skurðaðgerð á augasteini í febrúar 2016 er 4027, en var til samanburðar 3409 í febrúar 2015.


Á mynd 2 sést að hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en 90 daga var svipað og í febrúar 2015, er nú 85% en var 84% fyrir ári.

Bundnar eru miklar vonir við að það takist að snúa þessari þróun við með auknu fjármagni, þar sem þörf þess er mjög brýn.

Hjarta- og eða kransæðamyndataka (víkkanir meðtaldar)




Mynd 3




Mynd 4

Á mynd 3 sést að heildarfjöldi á biðlista eftir hjarta- og /eða kransæðamyndatöku í febrúar 2016 er 112, en var til samanburðar 227 í febrúar 2015. Á mynd 4 sést að hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en 90 daga hefur minnkað verulega, úr 51% í 9%, á sama tímabili, miðað við heildarfjölda þeirra sem voru á biðlista nú í febrúar. Biðlistinn hefur því styst verulega og langflestir höfðu beðið skemur en 3 mánuði. Ef sjúklingar hafa beðið mjög lengi er um að ræða meðferðarlegar skýringar á því. Með samstilltu átaki starfsfólks Hjartadeildar Landspítalans hefur þessi góði árangur náðst, sem er mjög mikilvægur því samkvæmt eðli máls er brýnt að þessi biðtími sé sem stystur.




Mynd 5




Mynd 6

Á mynd 5 sést að heildarfjöldi þeirra sem bíða eftir völdum aðgerðum á grindarholslíffærum kvenna hefur aukist lítillega frá því í febrúar 2015 eða frá 327 til 330. Á mynd 6 sést að 78% þeirra sem eru á biðlistanum hafa beðið lengur en 90 daga og ljóst er að það er of hátt hlutfall.




Mynd 7




Mynd 8

Á mynd 7 sést að heildarfjöldi þeirra sem bíða eftir legnámsaðgerðum hefur minnkað lítillega eða frá 178 til 168. Á mynd 8 sést að hlutfall einstaklinga sem bíða lengur en 90 daga hefur minnkað frá því í febrúar 2015 úr 70% í 61% og er það til bóta.




Mynd 9




Mynd 10

Á mynd 9 sést að heildarfjöldi þeirra sem bíða eftir gallsteinaaðgerðum hefur aukist lítillega frá febrúar 2015 eða frá 209 til 219. Á mynd 10 sést að hlutfall þeirra sem bíða lengur en 90 daga hefur aukist á sama tímabili eða úr 40% í 45%.




Mynd 11




Mynd 12

Á mynd 11 sést að heildarfjöldi þeirra sem bíða eftir gerviliðaaðgerð á mjöðm hefur aukist frá 397 í febrúar 2015 í 548 í febrúar 2016. Á mynd 12 sést að nú hafa 78% þeirra sem eru á biðlista beðið lengur en 90 daga og það hlutfall virðist fara heldur hækkandi sé litið til þróunar síðastliðið ár. Ljóst er að þessi biðtími er óviðunandi, en vonir standa til að áttak til að stytta hann muni skila sér innan tíðar.



Mynd 13



Mynd 14

Á mynd 13 sést að heildarfjöldi þeirra sem bíða eftir gerviliðaaðgerð á hné er 867, en var 658 í febrúar 2015. Á mynd 14 kemur fram að hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en 90 daga hefur farið vaxandi og er nú 87% .

Ljóst er að þessi biðtími er óviðunandi, en vonir standa til að átak til að stytta hann muni skila sér innan tíðar.

Reykjavík, 22.mars 2016

Leifur Bárðarson
sviðsstjóri, sviði eftirlits og gæða
Svanhildur Þorsteinsdóttir
verkefnisstjóri, heilbrigðisupplýsingasviði